

Flóahreppur  
Ellisif Bjarnadóttir  
Þingborg  
801 Selfoss

Reykjavík, 13. desember 2022  
UST202212-044/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og deiliskipulagi fyrir Skyggni**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og deiliskipulagi fyrir Skyggni.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði sem ætlað er fyrir sex smáhýsi til útleigu fyrir allt að 12 gesti þar sem hámarksstærð hvers húss er 30 m<sup>2</sup>. Samanlögð heildarstærð smáhýsa er allt að 180 m<sup>2</sup>. Auk þess kemur fram að áhersla skal lögð á að ásýnd uppbyggingar styðji við jákvæða ímynd landbúnaðar og forðast skal að raska vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi. Stærð svæðis er um 1 ha. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er gerð breyting á deiliskipulaginu fyrir svæðið þar sem breytingin gengur út á að fjölga byggingareitum úr þremur í fimm þar sem gert er ráð fyrir allt að 6 smáhýsi á byggingarreiti 5.

### **Þjórshraunið mikla**

Í greinargerð segir að samkvæmt kortasjá NÍ liggur útjaðar Þjórshrauns, sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, um land Skyggnis, en hraunið nær yfir umfangsmikið svæði á Suðurlandi. Auk þess segir að engin ummerki hafa fundist um hraun innan skipulagssvæðisins og er líklega um ónákvæmni kortsins að ræða.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjallað er ágætlega um jarðfræði og Þjórshraunið í kafla 2.1 á bls. 4-5 í forsendum aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029<sup>1</sup>, en þar er m.a. vitnað í grein Árna Hjartarsonar sem birtist í Náttúrufræðingnum árið 1988<sup>2</sup>.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

<sup>1</sup> <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=12636802115602660730>

<sup>2</sup> <https://timarit.is/page/4261819?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/%C3%9Ej%C3%B3rs%C3%A1hrauni%C3%B0>



**UMHVERFIS**  
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*